



ORKUSTOFNUN

Rennslismælingar við vhm 100

Snorri Zóphóniasson

Greinargerð SZ-95-03


Rennslismælingar við vhm 100

Ráðandi þversnið þessarar mælistöðvar er að hluta manngert. Heljarstór garður úr stórgrýti þrengir þversniðið þannig að áin rennur með vesturbakkanum og er klöpp í botni og bakka á móti garðinum. Garðurinn var síðast lagaður og endurbættur haustið 1982. Var hann þá orðinn mun hærri og haldbetri en áður var.

Frá árinu 1986 hafa verið gerðar a. m. k. 25 lykilmælingar að sumri til. Mælingarnar fara fram við Eyvafen. Mælingarnar falla allar vel að einum lykli. Sjá mynd 1. Mælingar frá árunum 1993 og 1994 taka ekki þátt í smíði lykilsins nr. 5, en þær falla ekki síður að honum en hinar. Frá og með árinu 1993 hefur verið mælt nokkrum tugum metra neðar með ánni en áður. Reynist áin renna þar beinna og jafnara en á fyrri mælistaðnum sem gæti skýrt að minna suð virðist í lyklinum. Einnig hefur alltaf verið mælt með svokallaðri A-skrúfu sem mælir eingöngu þann hraðavektor, sem henni er beint í. Engin lykilmæling fór fram við Eyvafen sumarið 1995. Stafar það af því að áhersla var lögð á aðra staði, sem kölluðu á allt vinnuaflið, t.d. stórt Skaftárhlaup. Ástand lykilsins við vhm 100 virðist vera viðunandi og sítinn jafnan í góðu lagi þann tíma árs sem vatnshæð er ekki trufluð af ís. Að vetrum er stöðin óvirk.

Það sem vantar eru mælingar á leysingaflóðum snemma sumars. Það mál er hins vegar óleyst framkvæmdalega. Það hefur hins vegar ekki verið skoðað til hlítar með tilliti til betra aðgengis með þyrlunotkun.

Virðingarfyllt



Snorri Zóphóníasson

		stst	vhm100	
		Q	Q	
1984.04.05.	x	8.8	41.5	
1987.04.10.	x	6.58	24.7	
1991.09.13.	x	22.18	128	
1991.10.02.	x	12.42	53	
1989.04.08.	x	6.29		
1992.07.30	x	21.25	176	
1993.09.08.	174.5	25.67	130	ca 20%

Rennslislykill vhm100 LNR 5 Gerður 1992.10.22 SZ Gildir frá 1901.01.83

